

## REGLUGERÐ

### um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1995-1996.

#### 1. gr.

##### Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1995-1996 skal vera 101 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skal sá útreikningur byggjast á greiðslumarki lögbýlisins til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 1994-1995 að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa vegna úreldingar á mjólkurframleiðsluáðstöðu samkvæmt reglugerð nr. 211/1994 og geymslu skv. 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

#### 2. gr.

##### Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

- a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða öðrum framleiðendum fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988, má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá leigusala, næstliðin tvö ár fyrir sölu. Framleiðendum sem gerðu leigusamning sín á milli er þó heimilt að breyta þeim í kaupsamning. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 70% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess.
- b) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna með þeim takmörkunum sem um getur í 1. mgr. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1995-1996 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 20. apríl 1996 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

#### 3. gr.

##### Nýting greiðslumarks lögbýla.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.

- b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflíðum a-c að ofan, skal markaðsfærð erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

#### 4. gr.

##### **Brottfall og geymsla greiðslumarks.**

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella niður að fengnu samþykki handhafa greiðslumarks.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

#### 5. gr.

##### **Beinar greiðslur.**

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beinna greiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- a) 57,54% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 80% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 1995.
- b) 25,48% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 1995.
- c) 16,98% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 1996.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

#### 6. gr.

##### **Viðtakandi beinna greiðslna.**

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

#### 7. gr.

##### **Uppgjör beinna greiðslna.**

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá

skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

8. gr.

#### **Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

9. gr.

#### **Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

10. gr.

#### **Úrskurðarnefnd.**

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

#### **Viðurlög og gildistaka.**

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*